



UMHVERFISSKÝRSLA

Nóvember 2012

Önnur gögn Svæðisskipulags Suðurnesja:

- Greinargerð Svæðisskipulags Suðurnesja, dags. nóvember 2012
- Greinargerð með afgreiðslu samvinnunefndar skv. 9. gr. laga nr. 105/2006
- Viðbrögð við athugasemdum, dags. nóvember 2012
- Viðbrögð við athugasemdum, dags. febrúar 2012

Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja

kanon
arkitektar

VSÓ RÁÐGJÖF

UMHVERFISMAT SVÆÐISSKIPULAGS SUÐURNESJA 2008-2024

Umhverfisskýrsla

08182

Nóvember 2012

5	29.11.2012	SP/SDJ/SGT	SGT	SGT
Nr. Útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt

VSÓ RÁÐGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík sími: 585 9000 / fax: 585 9010 vso@vso.is www.vso.is



1.	INNGANGUR	4
2.	TILGANGUR UMHVERFISMATS	4
3.	MATSSKYLDA	5
4.	MATSVINNA OG FORSENDUR MATS	5
4.1	<i>Áhrifaþættir og umhverfisþættir</i>	5
4.2	<i>Aðferð</i>	6
4.3	<i>Innbyrðis samanburður markmiða</i>	9
4.4	<i>Valkostir</i>	9
5.	UMHVERFISMAT SVÆÐISSKIPULAGS	10
5.1	<i>Atvinna</i>	10
5.1.1	<i>Náttúrufar og auðlindir</i>	10
5.1.2	<i>Fornminjar</i>	11
5.1.3	<i>Samfélag</i>	11
5.1.4	<i>Eftirfylgni</i>	11
5.1.5	<i>Valkostir til samanburðar</i>	11
5.1.6	<i>Niðurstaða mats</i>	12
5.2	<i>Auðlindir</i>	13
5.2.1	<i>Náttúrufar og auðlindir</i>	13
5.2.2	<i>Samfélag</i>	14
5.2.3	<i>Eftirfylgni</i>	15
5.2.4	<i>Valkostir til samanburðar</i>	15
5.2.5	<i>Niðurstaða mats</i>	17
5.3	<i>Veitur og samgöngur</i>	17
5.3.1	<i>Náttúrufar og auðlindir</i>	17
5.3.2	<i>Samfélag</i>	18
5.3.3	<i>Eftirfylgni</i>	18
5.3.4	<i>Valkostir til samanburðar</i>	18
5.3.5	<i>Niðurstaða mats</i>	19
5.4	<i>Flugvallarsvæðið</i>	19
5.4.1	<i>Náttúrufar og auðlindir</i>	19
5.4.2	<i>Samfélag</i>	20
5.4.3	<i>Eftirfylgni</i>	20
5.4.4	<i>Valkostir til samanburðar</i>	20
5.4.5	<i>Niðurstaða mats</i>	20



5.5	<i>Samfélag</i>	20
5.5.1	<i>Helstu áhrif</i>	21
5.5.2	<i>Valkostir til samanburðar</i>	21
6.	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	22
7.	SAMRÁÐ OG KYNNINGAR	24
8.	Samlegðaráhrif og heildarniðurstaða matsvinnu	25
	Heimildarskrá	26
	Lög og reglugerðir	26



1. INNGANGUR

Nýtt Svæðisskipulag Suðurnesja er ætlað að leggja línur til þess að nýta sérstöðu Suðurnesja, sem skapi sóknarfæri sem eru til hagsbóta fyrir Suðurnesin. Grunnur skipulagsins er að móta umgjörð um eftirsóknarverða framtíðarbúsetu og eitt atvinnusvæði, með skynsamlegri nýtingu lands og landgæða og sjálfbærni að leiðarljósi, í efnahagslegu-, menningarlegu- og félagslegu tilliti.

Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 er unnið af samvinnunefnd um Svæðisskipulagi Suðurnesja og í henni sitja fulltrúar frá Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ, Sandgerðisbæ, Sveitarfélaginu Vogar, Sveitarfélaginu Garði, skipulagsnefnd Keflavíkurlflugvallar og Landhelgisgæslunnar. Auk þess er í nefndinni fulltrúi frá Skipulagsstofnun. Áhersla hefur verið lögð á að matsvinnan nýtist sem innlegg í skipulagsvinnuna og hafi áhrif á gerð og mótun svæðisskipulagsins. Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Suðurnesja hefur mótað leiðarljós og markmið svæðisskipulagsvinnunnar sem er ætlað að undirstrika sameiginlega framtíðarsýn fyrir Suðurnesin. Tilgangur með svæðisskipulaginu er að búa til leikreglur skipulagsyfirvalda fyrir þau málefni sem eru mikilvæg á svæðisvísu og snerta hagsmuni fleiri en eins aðila í samvinnunefndinni. Til að ná því fram eru leiðarljós og markmið skilgreind fyrir þá málaflokka sem taldir eru mikilvægir fyrir hagsmuni og þróun Suðurnesja.

Leiðarljós eru sett fram sem stefnumið fyrir hvern málaflokk, sem nokkurs konar almenn stefnuyfirlýsing. **Markmið/áherslur** fylgja síðan í kjölfarið sem vísa nánar til þeirra verkefna og aðgerða sem þarf að vinna til að ná settu marki. Skipulagsvinnan sem á eftir fylgir snýr svo að skilgreiningu og framsetningu þessara verkefna og aðgerða sem þarf að ráðast í.

Svæðisskipulagið mun fyrst og fremst fjalla um mál og málaflokka þar sem hagsmunir fara saman og sameiginleg stefnumótun beinir þeim í tiltekinn farveg.

Í meðfylgjandi skýrslu er greint frá niðurstöðum matsvinnu sem var liður í vinnu við gerð Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024. Fjallað er um áhrif **leiðarljósa** og **markmiða/áherslna** þess á umhverfið. Auk þess er gerð grein fyrir áhrifum þeirra verkefna og aðgerða sem kunna að valda umhverfisáhrifum. Í skipulagsvinnunni voru til umfjöllunar margvíslegir valkostir, þótt þeir væru ekki ávallt vel skilgreindir. En sú umfjöllun tryggði að litið var til ólíkra sjónarmiða og lagt mat á hvort að unnt væri að ná stefnumiðum á annan hátt, sem hefði minni umhverfisáhrif í för með sér.

Matsvinnan fólst aðallega í að:

- greina áhrifaþætti skipulagsins og þá vinsa út þá umhverfisþætti sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum.
- benda á möguleg umhverfisáhrif fyrir mismunandi stefnur og aðgerðir sem komu fram í skipulagsvinnunni.
- stuðla að upplýstri ákvarðanatöku við mótun svæðisskipulagsins.
- fjalla um valkosti og mögulegar afleiðingar þeirra fyrir umhverfið.
- Leggja mat á líkleg umhverfisáhrif og skilgreina mótvægisáðgerðir og vöktun.
- greina frá helstu áherslum matsvinnu í umhverfisskýrslu.

2. TILGANGUR UMHVERFISMATS

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Matsvinnan fyrir svæðisskipulagið miðaði við að þessum tilgangi laganna yrði náð.

Tilgangur með umhverfismati Svæðisskipulags Suðurnesja er:

- Að tryggja að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða í því skyni að stuðla að umhverfisvernd og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í stefnumótun svæðisskipulagsins.

- Að meta umhverfisáhrif mismunandi valkosta sem voru til umræðu við mótun svæðisskipulagsins og stuðla þannig að upplýstri ákvarðanatöku um ólík umhverfisáhrif stefnumiða og áherslna.

3. MATSSKYLDA

Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 er skipulagsáætlun sem er háð umhverfismati skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfimat áætlana þar sem hún:

- markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum,
- er undirbúin og samþykkt af stjórnvaldi,
- er unnin skv. lögum.

4. MATSVINNA OG FORSENDUR MATS

Samvinnunefnd og skipulagsráðgjafar lögðu mat á umhverfisáhrif skipulagsáætlunar. Við mat á vægi var m.a. stuðst við álit og umsagnir fagstofnana og sérfræðinga á sviði viðkomandi umhverfisþátta eftir því sem þörf krafði. Umræður um umhverfisáhrif og möguleg áhrif á mótun svæðisskipulagstillögu fór fram á reglulegum fundum samvinnunefndar um Svæðisskipulag Suðurnesja og vinnufundum ráðgjafa.

4.1 Áhrifaþættir og umhverfisþættir

Áhrifaþættir svæðisskipulagsins snúa að stefnumótun um sameiginleg viðfangsefni sem eru (1) atvinna, (2) auðlindir, (3) veitur og samgöngur, (4) flugvallarsvæðið og (5) samfélag, sjá greinargerð svæðisskipulags.

Farið var kerfisbundið yfir hvern málaflokk og skilgreindir þeir umhverfisþættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna svæðisskipulagsins. Við mótun skipulagstillögu urðu ákveðnar breytingar á áherslum frá því sem lagt var upp með í matslýsingu. Til dæmis var lítið fjallað umhverfisþættina lýðheilsu og losun gróðurhúsalofttegund.

Tafla 1: Yfirlit um helstu áhrifaþætti svæðisskipulags Suðurnesja

Áhrifaþáttur	Lýsing
Atvinna	Mótuð er stefna um sameiginleg atvinnusvæði, í þeim m.a. tilgangi að efla og styrkja atvinnuuppbyggingu, nýta land betur á Suðurnesjum, þ.e. draga úr því að hvert sveitarfélag sé að taka frá land fyrir ákveðna starfsemi og tryggja að innviðir séu til staðar fyrir sameiginleg atvinnusvæði s.s. samgöngur og veitur.
Auðlindir	Mótuð er stefna um vatnsvernd, jarðhitanytingu, strandlengju, efnisnám og náttúruvernd. Áhersla var lögð á að skoða hvernig stefna um jarðhitanytingu fer saman við náttúruvernd og ferðaþjónustu og útivist. Einnig var lögð áhersla á mótun vatnsverndarsvæða.
Veitur og samgöngur	Mótuð er stefna um flutningskerfi raforku, þ.e. hvar skuli liggja helstu lagnaleiðir á Suðurnesjum. Auk þess er lögð fram stefna um fráveitu, samgöngur og hafnir. Áhersla var lögð á að skoða mögulega umhverfisáhrif af flutningskerfi raforku og sérstaklega lítið til nýrra orkuvinnslusvæða við Sveifluháls.
Flugvallarsvæðið	Mótuð er stefna um flugvallarsvæðið og snýr hún að stórum hluta að þeim takmörkunum sem fylgja starfsemi flugvallar s.s. vegna hávaða og öryggis flugumferðar.
Samfélag	Mótuð er stefna um útivist og ferðamennsku og úrgangsmál, sem getur haft áhrif á umhverfið. Áhersla var lögð á að skoða hvernig stefna um útivist og ferðamennsku fari saman við stefnu um sameiginleg atvinnusvæði, orkunýtingu og flutningskerfi raforku.

Í upphafi var lítið til umhverfisþátta eins og þeir koma fram í töflu 2. Við frekari skipulagsvinnu var ákveðið að samþætta þá frekar, til að einfalda umfjöllun um áhrif. Samþætting umhverfisþátta kemur fram í töflu 3. Þrátt fyrir þessa einföldun er fjallað um alla helstu þætti sem nefndir eru í töflu 2.

Tafla 2: Yfirlit umhverfisþátta sem litið var til í byrjun matsvinnu

Samfélag og byggðapróun	Samfélag og byggðapróun er einn af grundvallarþáttum sem svæðisskipulag hefur áhrif, s.s. atvinnu, menntun, búsetuskilyrði, útivist og þjónustu.
Lýðheilsa	Lýðheilsa er hluti af samfélagi. Fjallað er um hana sérstaklega þar sem stefnur svæðisskipulagsins hafa bein og óbein áhrif á lýðheilsu. Sérstaklega verður fjallað um hávaða, loftgæði og útivist.
Auðlindir	Stefna svæðisskipulagsins hefur áhrif á auðlindir Suðurnesja og eru þær helstu: grunnvatn, jarðhiti, náttúrufar.
Loftslag	Svæðisskipulagið setur fram stefnu um atvinnu, byggð og samgöngur sem hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda.
Náttúrufar	Stefna svæðisskipulagsins um verndarsvæði, byggð, atvinnuuppbyggingu, þjónustukerfi og samgöngur hafa bein áhrif á náttúru, sem skilgreind er sem gróður, dýralíf, vistkerfi, búsvæði, jarðmyndanir, vatn og líffræðileg fjölbreytni.
Hafið og strandlengjan	Stefna svæðisskipulagsins um uppbyggingu kann að hafa áhrif á hafið og strandlengju Suðurnesja.
Landslag og ímynd	Stefna svæðisskipulagsins um verndarsvæði, byggð, atvinnuuppbyggingu, þjónustukerfi og samgöngur hafa bein áhrif á landslag Suðurnesja og ímynd.

Tafla 3. Yfirlit umhverfisþátta í umhverfisskýrslu

Umhverfisþáttur	Undirþættir
Samfélag	Atvinnustig, þjónusta, hljóðvist, aðgengi að grunnvatni, ferðaþjónusta og útivist og náttúruvá.
Náttúrufar	Sjór og strandlengja, jarðfræði, jarðmyndanir og lífríki.
Auðlindir	Landslag og ásýnd, landrymi, verndarsvæði, jarðhiti, grunnvatn, landslag/ásýnd, losun gróðurhúsalofttegunda.

Tengt hverjum umhverfisþætti var litið til matsspurningar og viðmiða sem voru sett fram í matslýsingunni. Viðmið sem voru höfð til hliðsjónar við mat á vægi áhrifa eru m.a. stefna sveitarstjórna, lög og reglugerðir og stefna íslenskra stjórnvalda. Einnig voru skuldbindingar Íslands vegna aðildar að alþjóðasamningum s.s. samnings um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto bókunar höfð til hliðsjónar.

4.2 Aðferð

Skipulagsráðgjafar hafa vinsað út og skilgreint áherslur umhverfismats þar sem fyrst og fremst var horft á samlegðaráhrif í stað þess að líta eingöngu til stakra umhverfis- og áhrifaþátta. Samvinnunefndin ákvað viðbrögð við umhverfismatið í skipulagsvinnu, s.s. að skilgreina sjónarmið sem þarf að hafa í huga við útfærslu við framkvæmd skipulagsins, mótvægisáðgerðir eða vöktun vegna neikvæðra umhverfisáhrifa. Lögð var áhersla á að beina athygli fyrst og fremst að þeim þáttum sem kunna að valda verulegum áhrifum.

Áhrifamat

Áhrif voru metin jákvæð og neikvæð, bein og óbein, langtíma og skammtíma, varanleg og samvirk. Við mat á umfangi áhrifa svæðisskipulagsins á umhverfið var tekið mið af þróun umhverfisþátta án framkvæmda skv. tillögu að svæðisskipulagi, þ.e. núll-kost. Greining áhrifa miðaði að hverjum málaflokki, sbr. töflu 1, en einnig er gerð grein fyrir heildaráhrifum svæðisskipulagsins í heildarniðurstöðum, sbr. kafla 7.



Þegar mat var lagt á möguleg umhverfisáhrif svæðisskipulags var horft til gildandi viðmiða. Viðmiðin voru skilgreind m.t.t.:

- stefnu áætlana og samninga sem nefnd eru í kafla 7 og 8,
- laga og reglugerða um viðkomandi málefni,
- ábendinga sem fram komu í umsögnum og samráði við fagstofnanir,
- mats sérfræðinga,
- ábendinga á kynningartíma frá félagasamtökum, almenningi og hagsmunaaðilum.

Samvinnunefnd mat eftir umfangi umhverfisáhrifa hvort unnt var að draga úr eða koma í veg fyrir áhrif með mótvægisáðgerðum eða hvort þörf var á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfispátt.

Vægisæinkunnir

Nákvæmni umhverfismatsins gaf ekki tilefni til að stigskipta áhrifum og því var fyrst og fremst litið til þess hvort að áhrifin væru óveruleg, jákvæð eða neikvæð. Í áhrifamatinu var litið til helstu viðmiða og stefnu stjórnvalda, sjá töflu 4. Í matsvinnu var litið svo á að skoða þyrfti valkosti, mótvægisáðgerðir eða eftirfylgni ef líkleg áhrif tóku til eins eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, ná í stórs svæðis og/eða fjölda fólks, gengur gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru.

Við mat á áhrifum er litið til eftirfarandi forsendna:

- Hversu líkleg áhrif af áætlun eru og hversu varanleg þau eru, þ.e. hvort líklegt sé að áhrifin séu til langs eða skamms tíma.
- Hvort líklegt sé að einstakir þættir áætlunar geti valdið sammögnunar áhrifum á umhverfispætti. Um er að ræða að samanlögð áhrif einstakra þátta á umhverfið séu meiri eða önnur en þegar litið er til stakra áhrifa áætlunarinnar.
- Hvort líklegt sé að áhrif áætlunar gæti yfir landamæri.
- Hvort að áætlun kunni að hafa áhrif á heilbrigði fólks og umhverfið.
- Hversu stórt eða umfangsmikið svæði kunni að verða fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunni að verða fyrir áhrifum.

Háð umfangi umhverfisáhrifa mun samvinnunefnd meta hvort unnt sé að draga úr eða koma í veg fyrir áhrif með mótvægisáðgerðum eða að þörf sé á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfispátt.



Tafla 4: Helstu viðmið í vægismati umhverfisáhrifa svæðisskipulagsins

Viðmið	Viðfangsefni
Náttúruminjaskrá	Svæði á náttúruminjaskrá. Ef stefna felur í sér framkvæmdir sem kunna að raska slíkum svæðum, er talið að áhrifin sé veigameiri.
Náttúruverndarlög nr. 44/1999	Ýmsar greinar s.s. 37. gr. um vernd vistkerfa, s.s. eldvörp, gervígígar, eldhraun, hverir og aðrar heitar uppsprettur. Ef stefna felur í sér framkvæmdir sem kunna að raska slíkum svæðum, er talið að áhrifin sé veigameiri.
Reglugerð um hávaða nr. 724/2008	Litið til þess hvort að stefna hafi í för með sér aukna umferð eða starfsemi sem valdi hávaða sem fari umfram mörk reglugerðar. Ef svo er eru áhrifin talin veigameiri.
Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi	Hreint og heilnæmt ferskvatn, útvist í sátt við náttúruna, varnir gegn náttúruvá, vernd lífríkis Íslands, vernd sérstæðra jarðmyndana, vernd víðerna, aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa, úrgangsmál, vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Horft er til þess hvort að stefnan og mögulegar afleiðingar hennar séu í samræmi við ofangreinda stefnu um sjálfbæra þróun.
Náttúruverndaráætlun 2009-2013	Áætlun um að friðlýsa svæði á Reykjanesskaga. Sambærileg viðmið og vegna náttúruminjaskrár. Þótt svæðið hafi ekki verið friðlýst hefur það ákveðið náttúruverndargildi.
Stefnumörkun Íslands um líffræðilega fjölbreytni	Almennt er litið til þessara viðmiða. Ekki liggja fyrir rannsóknir á lífríki eða fjölbreytni þess á öllum Suðurnesjum. Gerð er grein fyrir því ef stefna felur í sér framkvæmdir eða annað sem kann að hafa áhrif á viðkvæm svæði eða vistkerfi. Ef svo er verða áhrifin talin veigameiri.
Ramsar samningur	Votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi fyrir fuglalíf. Litið um votlendi á Suðurnesjum og ólíklegt að það raskist vegna stefnu svæðisskipulagsins.
Bernarsamningur	Að vernda tegundir villtra plantna og dýra. Ekki liggja fyrir rannsóknir á lífríki eða fjölbreytni þess á öllum Suðurnesjum. Gerð er grein fyrir því ef stefna felur í sér framkvæmdir eða annað sem kann að hafa áhrif á viðkvæm svæði eða vistkerfi. Ef svo er verða áhrifin talin veigameiri.
Friðlýst svæði	Eldey. Stefnan svæðisskipulagsins kemur ekki til með að hafa áhrif á Eldey.
Sjóvarnarskýrsla Siglingastofnunar	Sjó- og flóðvarnir
Skipulagsáætlanir sveitarfélaga og Keflavíkurlflugvallar	Stefnumið um náttúruvernd, orkuvinnslu, auðlindastefnu, vatnsvernd. Litið er til þess hvort að aðalskipulagsáætlanir séu í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins.
Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns	Verndun grunnvatns. Litið til reglna sem gilda um brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði.
Lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda	Verndun hafs og strandlengju. Litið er til þess hvort að stefna um framkvæmdir m.a. atvinnustarfsemi og fráveitur kunni að valda mengun í hafi og á strandlengju. Ef svo er verða áhrifin talin veigameiri.
Þjóðminjalög nr. 107/2001	Vernd fornminja. Ef stefna hefur í för með sér framkvæmdir eða starfsemi sem líkleg er að hafa áhrif á fornminjar, teljast þau áhrif veigameiri.



Óvissa

Í tilvikum þar sem óvissa var um áhrif var gerð grein fyrir óvissu og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu svæðisskipulagsins á síðari stigum s.s. við gerð aðalskipulags, deiliskipulags eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Gagnaöflun

Umhverfismatið byggði að stærstum hluta á fyrirliggjandi upplýsingum. Í svæðisskipulagsvinnunni var aflað gagna um vatnsverndarmál (ÍSOR, 2009) og var sú skýrsla mikilvæg fyrir umfjöllun um áhrif svæðisskipulagsstefnunnar á grunnvatn.

4.3 Innbyrðis samanburður markmiða

Sambætting markmiða og stefna í mismunandi málaflokkum var liður skipulagsvinnu, sem hafði m.a. áhrif á mótun þeirra sjónarmiða sem þarf að taka tillit til við útfærslu ákveðinna framkvæmda.

4.4 Valkostir

Svæðisskipulagið var í stöðugri mótun og breyttist töluvert á meðan skipulagsvinna stóð yfir m.a. vegna umhverfissjónarmiða. Í umhverfisskýrslu er greint frá helstu hugmyndum og tillögum sem komu fram sem ólíkir valkostir í skipulagsvinnunni.



5. UMHVERFISMAT SVÆÐISSKIPULAGS

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir lykilþáttum sem voru til athugunar í mats- og skipulagsvinnunni fyrir hvern málaflokk svæðisskipulagsins, þ.e. atvinna, auðlindir, veitur og samgöngur, flugvallarsvæðið og samfélag. Greint er frá mögulegum áhrifum á umhverfið, hvernig tekist var á við þessi mál í skipulagsvinnunni og þeim valkostum sem eru til skoðunar.

5.1 Atvinna

Sveitarfélögin á Suðurnesjum stefna að því að Suðurnesin verði eitt atvinnusvæði en öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa er forsenda blómlegrar byggðar og aukinna lífsgæða íbúanna. Áhersla er lögð á að auka samkeppnishæfni Suðurnesja með sterkum innviðum og góðu aðgengi að auðlindum ásamt þeim framtíðar atvinnumöguleikum sem tengjast alþjóðlegum flugvelli og umferð um hann. Áhersla er á að auka þjónustu við ferðamenn og nýta sérstöðu svæðisins til uppbyggingar ferðaþjónustu.

Gert ráð fyrir fjórum atvinnusvæðum (sbr. þemakort um Atvinnu í greinargerð).

Í umhverfismatinu var lögð áhersla á umfjöllun um möguleg áhrif stefnu svæðisskipulagsins í atvinnumálum með áherslu á staðsetningu og uppbyggingu atvinnusvæða á Reykjanesi. Helstu áhrifaþættir til umfjöllunar voru náttúrufar, fornminjar og samfélag.

5.1.1 Náttúrufar og auðlindir

Nokkuð stór og umfangsmikil svæði eru skilgreind sem atvinnusvæði með ólíkar áherslur um eðli starfsemi, sbr. greinargerð. Markmið um sameiginleg atvinnusvæði sveitarfélagana á Suðurnesjum stuðlar að markvissari og samþættari uppbyggingu þeirra og fjölbreyttari atvinnutækifærum. Með þessu móti deila öll sveitarfélögin á svæðinu hagsmunum atvinnuuppbyggingar. Hins vegar er líklegt að sum staðar þurfi að brjóta nýtt land undir atvinnusvæðin með mannvirkjum fyrir rýmisfreka og orkufreka starfsemi.

Auk atvinnusvæðis A, sem nefnt er Ásbrú norður, er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði á Keilisnesi. Möguleg umhverfisáhrif frá iðnaði eru háð eðli starfseminnar og matið því háð óvissu að svo stöddu.

Á Reykjanesi er gert ráð fyrir atvinnusvæði (D) undir orkuvinnslu og rannsóknir á landsvæði sem er hverfisverndað og á náttúruminjasrá. Innan atvinnusvæðisins eru jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 þ.m.t. hraun, gufuhverir, eldvörp og gígar. Einnig eru þar svæði sem hafa sérstakt gildi m.t.t. lífríkis. Uppbygging á svæðinu þarf að taka mið af náttúrufarslegri sérstöðu svæðisins sem áður hefur orðið fyrir raski vegna framkvæmda tengdum jarðhitavinnslu. Gæta þarf að þess að uppbygging valdi sem minnstum umhverfisáhrifum.

Ásýnd, umsvif og hljóðvist vegna starfsemi á atvinnusvæði á Reykjanesi eru líkleg til að hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna af stórbrotinni jarðfræði og á ímynd og gildi svæðisins sem jarðfræðilega einstakur staður með mikilvægi á lands- og heimsvísu. Hins vegar kann jarðvarmanýting á Reykjanesi einnig að vekja eftirtekt og verða eftirsótt til skoðunar þar sem sjá má samspil náttúru og nýtingar hennar í þágu umhverfisvænni orkuöflunar/framleiðslu en víða þekkist annars staðar í heiminum.

Til þess að stuðla að því að önnur sjónarmið verði tekin með við útfærslu stefnu um atvinnusvæði, hefur samvinnunefndin ákveðið að stofna jarðvang á Suðurnesjum. Það er því mikilvægur þáttur í eftirfylgni með umhverfisáhrifum svæðisskipulagsins.

Í Svæðisskipulagi Suðurnesja er gert ráð fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Umframorkuþörf iðnaðar getur kallað á orkuöflun annars staðar á landinu ef ekki er til staðar næg orka á Suðurnesjum. Í umhverfismatinu var bent á að þetta kann að valda umhverfisáhrifum vegna orkuöflunar og orkuflutnings utan Suðurnesja.

Í fyrstu náði afmörkun atvinnusvæða A, B og D hluta inn á grannsvæði vatnsverndar, sem hefði í för með sér neikvæð áhrif og ekki í samræmi við reglugerð 796/1999. Brugðist var við þessum niðurstöðum með því að setja það sem stefnu að atvinnusvæði fari ekki inn á grannsvæði vatnsverndar. Einnig var

skerpt á því í greinargerð að afmörkun atvinnusvæða á þemakorti er ekki „staðbundin ákvörðun um landnotkun“ heldur stefna um hvar aðilar svæðisskipulagsins gera ráð fyrir að stefna að sameiginlegri uppbyggingu atvinnumála.

5.1.2 Fornminjar

Gert er ráð fyrir atvinnusvæði A meðfram Sandgerðisvegi (429), norðan við Alþjóðaflugvöll og á Rockville svæðinu. Á þessum svæðum er að finna minjar sem kunna að raskast við framkvæmd svæðisskipulags. Ekki er um friðlýstar fornminjar að ræða. Þegar farið verður í framkvæmdir á þessu svæði þarf að leggja mat á það hvort minjar raskist.

Fornleifavernd ríkisins benti á að fornleifar sé að finna á eða nærri öllum sameiginlegum atvinnusvæðum og þarf að taka afstöðu til þeirra áður en til framkvæmda kemur. Einnig benti stofnunin á að allar fornminjar væru friðaðar skv. þjóðminjalögum og að óheimilt sé að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis Fornleifaverndar ríkisins.

5.1.3 Samfélag

Sameiginleg atvinnusvæði eru til þess fallin að leggja aukna áherslu á uppbyggingu atvinnustarfsemi á Suðurnesjum, þar sem meiri þungi getur verið lagður í uppbygginguna með samstilltara átaki sveitarfélaganna. Þessi stefna er því líkleg til að hafa jákvæð áhrif á atvinnustig og þ.a.l. samfélag á Suðurnesjum.

Í Svæðisskipulagi Suðurnesja er gert ráð fyrir aukinni uppbyggingu í tengslum við alþjóðaflugvöll og nýtingar orkuauðlinda. Markmið með þessari stefnu er að hafa jákvæð áhrif á fjölbreytileika atvinnulífs og stuðla að því að gera svæðið að eftirsóknarverðum atvinnu- og búsetukosti. Samfélagsleg áhrifin eru háð eðli starfseminnar. Á meðan nánari skilgreining starfseminnar liggur ekki fyrir er erfitt að fjalla um tengsl við samfélagslegar breytur.

Í umhverfismatinu var bent á að gróf starfsemi og iðnaður á atvinnusvæðum getur haft neikvæð áhrif á heilsufarslegar þætti samfélagsins. Öll uppbygging og möguleg neikvæð áhrif má halda innan ásættanlegra marka sem fram koma í lögum og reglugerðum með við eigandi mótvægisáðgerðum. Aukin umsvif á þessum atvinnusvæðum fela m.a. í sér aukna umferð með líklegum neikvæðum staðbundnum áhrifum á hljóðvist og loftgæði. Með stefnu um fjölbætta samgöngur er þó reynt að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar.

5.1.4 Eftirfylgni

Til þess að stuðla að því að önnur sjónarmið verði tekin með við útfærslu stefnu um atvinnusvæði, hefur samvinnunefndin ákveðið að stofna jarðvang á Suðurnesjum. Það er því mikilvægur þáttur í eftirfylgni með umhverfisáhrifum svæðisskipulagsins.

Til að draga úr líklegum neikvæðum áhrifum atvinnusvæða á náttúrutengda ferðamennsku á Reykjanesi og ímynd svæðisins með ýtrustu kröfum um umgengni á framkvæmdartíma og frágang mannvirkja.

Lagt er til að ýtrustu kröfur verði gerðar um mengunarvarnir og frágang umhverfis sem og mótuð verði viðmið um hvers konar atvinnustarfsemi megi vera staðsett við jaðar vatnsverndarsvæða.


Við útfærslu atvinnusvæða þarf að taka afstöðu til fornminja áður en til framkvæmda kemur í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

5.1.5 Valkostir til samanburðar

Valkostur var fólgin í því að ákveða hvort fara ætti í sameiginlega skipulagningu atvinnusvæða eða ekki. Einnig snérist umræðan í skipulagsvinnunni um fjölda og umfang atvinnusvæða og staðsetningu þeirra. Í upphafi var lagt upp með tíu atvinnusvæði (mynd 1). Við framvindun skipulagsvinnu fækkaði þessum atvinnusvæðum niður í fjögur (A, B, C og D) þar sem núverandi atvinnustarfsemi eins og

hafnarstarfsemi, álver, alþjóðaflugvöllur og orkuöflun á Reykjanesi leggja grunninn að þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er.

Við val á atvinnusvæðum var litið til sameiginlegra hagsmuna, sérstöðu svæða, vilja sveitarfélaga að leggja fram svæða og mögulegra umhverfisáhrifa. Umfjöllun um umhverfisáhrif snérist að stærstum hluta um eðli lands sem færi undir atvinnu, s.s. hvort um væri að ræða verndarsvæði eða svæði mikilvæg fyrir útivist. Einnig var litið til ásýndar svæðanna og aðgengis og fjarlægða að atvinnusvæðum frá þéttbýlisstöðum.



Mynd 1: tillögur um sameiginleg atvinnusvæði

Í tengslum við atvinnusvæði í Svæðisskipulagi Suðurnesja ákváðu hlutaðeigandi sveitarfélög og aðilar með skipulagsvald á svæðinu að vinna saman að framtíðarskipulagi atvinnusvæða í stað þess að hvert sveitarfélag fyrir sig ynni að stefnu um atvinnusvæði í sínu sveitarfélagi. Áður höfðu Sandgerðisbær, Sveitarfélögin Garður og Reykjanesbær undirritað viljayfirlýsingu um að þessi sveitarfélög vinni saman að framtíðarskipulagi atvinnusvæða í nágrenni alþjóðaflugvallar. Með slíku samráði aukast líkur á fjölbreyttari starfsemi innan þessara svæða með fleiri atvinnutækifærum og með auknum stöðugleika á atvinnumarkaði.

5.1.6 Niðurstaða mats

Svæðisskipulagsstefna um atvinnu er líkleg til að hafa í för með sér áhrif á ásýnd og aðkomu að þéttbýli. Gera má ráð fyrir að uppbygging á atvinnusvæði D hafi neikvæða umhverfisáhrif á jarðmyndanir og lífríki.

Áhrif Svæðisskipulags Suðurnesja á samfélag er líklegt til að vera jákvæð á fjölbreytileika atvinnulífs og auka samkeppnishæfni svæðisins sem atvinnu- og búsetukost. Líklegt er að uppbyggingu sérstakra atvinnusvæða stuðli að aukningu umferðar til og frá og innan þeirra. Aukinni umferð geta fylgt staðbundin neikvæð áhrif á hljóðvist og loftgæði.

Á atvinnusvæði A er að finna minjar sem kunna að raskast við framkvæmd svæðisskipulags, þó er ekki um friðlýstar minjar að ræða.

Niðurstaða matsins hefur leitt til breytinga á skipulaginu t.d. vegna vatnsverndar og leitt til mótunar stefnu um stofnun jarðvangs, sem mun stuðla að því að tekið verði mið af fjölbreyttum sjónarmiðum við framkvæmd skipulagsins.

5.2 Auðlindir


Svæðisskipulag Suðurnesja leggur áherslu á að stuðlað verði að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu auðlinda á Suðurnesjum til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og komandi kynslóðir. Einnig að mannvirkjagerð, orkuöflun og byggðaþróun taki mið af náttúruvernd, skynsamlegri nýtingu og þeim tækifærum sem felast í náttúrufræðilegri sérstöðu svæðisins á heimsvísu. Svæðisskipulagið leggur áherslu á að nýting orku sem aflað er á Suðurnesjum sé mikilvæg undirstaða fjölbreyttrar atvinnustarfsemi.

Helstu náttúruauðlindir Suðurnesja eru grunnvatn, jarðhiti og einstök jarðfræði kaldur hreinn sjór og fiskimið.

5.2.1 Náttúrufar og auðlindir

Innan skipulagssvæðisins eru mörg og víðfeðm svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars þ.m.t. landslags, líffræðilegrar fjölbreytni og jarðmyndana (sjá Þemakort um verndarsvæði). Þessi verndarsvæði eru einnig mikilvæg m.t.t. ferðaþjónustu og útivistar. Á Suðurnesjum eru stór vatnsverndarsvæði og svæði á Náttúruminjaskrá. Auk þess er jarðhita að finna víða.

Á háhitasvæðum á Suðurnesjum liggja fyrir nokkrir virkjunarkostir og eru þeir flestir staðsettir innan náttúruverndarsvæða (sjá Þemakort um virkjunarkosti og verndarsvæði). Þar takast því á sjónarmið orkunýtingar, náttúruverndar og annarrar nýtingar, s.s. ferðaþjónustu og útivistar. Orkunýting á þessum svæðum mun hafa í för með sér rask á umhverfinu vegna framkvæmda í tengslum við alla mannvirkjagerð (sjá mynd 2).



Mynd 2: Yfirlit um atvinnusvæði, jarðhitanýtingu, verndarsvæði og náttúruminjar

Svæðisþörf orkuviðnaðar er nokkur og þarf uppbygging á þessum svæðum þarf að taka tillit til þeirra jarðfræðilegra sérstöðu sem Suðurnesin hafa og þeim möguleikum sem í henni eru fólgin á sviðum náttúruverndar, fræðslu, ferðamennsku og orkuframleiðslu. Samkvæmt niðurstöðuskýrslu faghópa 2.

áfanga Rammaáætlunar (2010) flokkast fyrirhuguð virkjanasvæði sem tiltölulega góðir kostir m.t.t. áhrifa á ferðaþjónustu og útivist og helgast sú niðurstaða í megindráttum af því að á þessum svæðum er nú þegar orkuvinnsla í einhverjum mæli með tilheyrandi riski.

Rétt er að taka fram að afmörkun áforma um nýtingu á jarðhita á mynd 2 gefur til kynna að stefnt skuli að nýtingu jarðhita á þessum svæðum að uppfylltum ýmsum skilyrðum. Ekki er verið að taka frá allt svæðið sem afmarkað er til orkuvinnslu. Orkuvinnslusvæði verða afmörkuð frekar í aðalskipulagsáætlunum, eftir að frekari gagnaöflun liggur fyrir.

Það verða neikvæða áhrif á umhverfið vegna uppbyggingar orkuvera og starfsemi orkuvinnslu. Felast þau fyrst og fremst í áhrifum á jarðmyndanir og landslag. Óvissa er um áhrif á lífríki og á fornminjar. Það er því mikilvægt að þegar frekari upplýsingar liggja fyrir verði settar skýrar takmarkanir um staðsetningu og umfang framkvæmda, sem taki mið af náttúruvernd og fornminjum.

Ferðaþjónusta og útivist getur haft áhrif á náttúru með margvíslegum hætti og gæta þarf að ástandi og þolmörkum fjölsótttra ferðamannastaða. Samkvæmt úttekt Umhverfisstofnunar (2010) um ástand friðlýstra svæða er Reykjanesfólkvangur undir miklu álagi sem bregðast þurfi strax við. Meðal þess sem talið er ógna sérstöðu svæðisins er aukin jarðhitanýting og rannsóknir þeim tengdum og hve svæðið er fjölsótt.

Með stofnun jarðvangs er áhersla lögð á að samþætta og samræma aðgerðir til ólíkra nýtingar svæðisins. Þróun og uppbygging svæðisins eiga að miða við og byggjast á jarðfræðilegri sérstöðu Suðurnesja. Áætlanir um stofnun jarðvangs á Suðurnesjum byggja á sérstöðu svæðisins m.t.t. fjölbreyttra jarðmyndana og tækifærum sem liggja í nýtingu auðlinda á svæðinu, s.s. orkuvinnsla og ferðaþjónusta og þeirri menningu sem hefur skapast á Suðurnesjum.

Hluti jarðvangsins mun falla saman við það svæði sem er afmarkað með náttúruverndaráætlun 2004-2008 og þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Svæðið sem þar er afmarkað nær yfir allstórt svæði á Suðurnesjum. Náttúruverndargildi lands á því svæði er misjafnt vegna fjölbreyttrar landnotkunar.

Stefnan um að vinna sameiginlega að því að samþætta nýtingu og uppbyggingu við verndarsjónarmið og nýta til þess að aðferða- og hugmyndafræði jarðvanga er leið til að draga úr og/eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif uppbyggingar.

Fyrir liggja tillögur að breytingum á afmörkun vatnsverndarsvæða á Suðurnesjum og tillögur að nýjum vatnstökusvæðum í framtíðinni. Tryggja þarf framtíðarhagsmuni svæðisins varðandi neysluvatn og þarf að horfa til svæðisins í heild. Megin vatnsból svæðisins er í Lágum. Til framtíðar er litið til vatnsbóla sunnan við Reykjanesbraut í Vogum og við Sýrfell á Reykjanesi. Fellt hefur verið út vatnsbólið í Garði/Sandgerðisbæ þar sem það er ekki talið geta boðið upp á ásættanleg gæði vatns. Sveitarfélögin Garður og Sandgerðisbær tengjast vatnsverndarsvæðinu í Lágum.

Áhrif uppbyggingar á neysluvatn á Suðurnesjum eru óveruleg og munu vatnsból Suðurnesja geta annað þeirri uppbyggingu sem felst í stefnu Svæðisskipulags Suðurnesja. Hins vegar kom upp umræða um mengunarrhættu í Lágum og fyrst og fremst vegna umferðar um grannsvæðið. Var talið líklegt að hætta væri á verulegri mengun vatnsbólsins ef olía fer niður í nágrenninu. Ýmsar leiðir voru skoðaðar til að bregðast við og var sameiginleg niðurstaða nefndarinnar að byrja á því að stækka grannsvæði Lága austur fyrir Grindavíkurveg og skilgreina aðgerðir sem þarf að ráðast í til að draga úr hættu á olíumengun.

5.2.2 Samfélag

Stefna um orkuvinnsla og starfsemi henni tengdri er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á atvinnustig á Suðurnesjum. Verndun vatnsauðlindarinnar mun hafa jákvæð áhrif á samfélag, þar sem hún tryggir aðgengi íbúa og atvinnulífs að hreinu vatni.

Nýting háhitasvæða mun hafa neikvæð áhrif á umhverfið, þá fyrst og fremst jarðmyndanir og landslag. Þess vegna hefur verið bætt við skilmálum í stefnu svæðisskipulagsins að við skipulag og nýtingu



háhitasvæða skal tekið tillit til einkenna og sérstöðu náttúruminja, landslags, útivistar og ferðamennsku. Einnig skal stuðlað að sjálfbærri nýtingu auðlinda til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir eins og fram kemur í álitssgerð faghóps um sjálfbæra nýtingu jarðhita (Orkustofnun, 2011) (sjá einnig umfjöllun í kafla 5.1.3 um atvinnu).

Samkvæmt tillögu að markmiðum í álitssgerð faghóps um sjálfbæra nýtingu jarðhita (Orkustofnun, 2011) snýr sjálfbær nýting eingöngu að jarðhita geyminum sem slíkum og vinnslu úr honum. Ekki er horft til annarra þátta í tengslum við sjálfbærni og nýtingu jarðhita eins og áhrif á yfirborð. Rask á yfirborði vegna framkvæmda tengdar jarðhitanytingu geta þó haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Viðmiðið um sjálfbærni þurfa því einnig að taka tillit til þarfir komandi kynslóða fyrir upplifun og fræðslugildi óraskaðra jarðhitasvæða á yfirborði. Með mótvægisáðgerðum, s.s. skilgreining verndaðra náttúruminja og skilmálum um frágang og umgengni má draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Hins vegar stuðlar sjálfbær nýting jarðhitageymisins að jákvæðum áhrifum á samfélag þar sem horft er til þess að komandi kynslóðir munu einnig njóta góðs af auðlindinni. Með þessu móti er dregið úr neikvæðum áhrifum vegna nýtingar á auðlindina.

Með stofnun jarðvangs er stuðlað að náttúruvernd samhliða nýtingu jarðhita sem er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á möguleika fólks til að njóta jarðhitasvæðanna til útivistar og náttúruskoðunar samhliða nýtingu jarðhitans.

5.2.3 Eftirfylgni

Sveitarfélög á Suðurnesjum stefna að því að hafa frumkvæði hvað varðar stefnumótun um auðlindanýtingu og eiga samráð við virkjunaraðila og Orkustofnun um fyrirkomulag, eftirlit og vöktun jarðhitaauðlindarinnar.

Til að draga úr mögulegu raski vegna ágangs ferðamanna á viðkvæma náttúru er gert ráð fyrir kortlagningu ástands og þolmarka fjölsóttustu náttúrusvæða þannig er hægt að ákvarða með hvaða hætti og aðgerðum verndun þeirra sé best tryggð samhliða góðu aðgengi.

Í tengslum við orkuvinnslu er gert ráð fyrir að skilgreina umfang hennar og útfærslu mannvirkja þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um nýtanleika jarðhitaauðlindarinnar og eftir samráð sveitarfélaga, hagsmunaaðila og opinberra stofnana. Einnig er gert ráð fyrir nánari útfærslu skilmála á orkuvinnslusvæðum í aðalskipulagsáætlunum, þ.m.t. frekari afmörkun orkuvinnslusvæða og reglna sem gilda.


Skoða þarf mögulegar aðgerðir á Grindavíkurvegi til að draga úr hættu á mengun vatnsbólsins í Lágum. Slíkt þarf að gerast í samráði við Vegagerðina og Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

5.2.4 Valkostir til samanburðar


Í skipulagsvinnunni fór fram umræða um umfang og afmörkun jarðhita-, náttúru- og vatnsverndarsvæða. Snérist umræðan m.a um það hvernig jarðhitanyting og náttúrutengd ferðamennska geti farið saman á jarðhitasvæðum og hvernig hægt sé að mæta ólíkum þörfum þessara viðfangsefna.

Í skipulagsvinnunni fór fram umræða um stefnu um náttúruvernd á svæðinu eins og hún birtist í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013.


Breytingar hafa verið gerðar á afmörkun vatnsverndarsvæða með hliðsjón af greinargerð ÍSOR (2009). Þannig hafa vatnsverndarsvæði verið felld út, þar sem ekki er talin ástæða til verndar og ný grannsvæði afmörkuð s.s. við Sýrfell (myndir 3 og 4). Með tilliti til nýtingu vatnsauðlindar í framtíðinni var lögð fram tillaga um að afmarka vatnsverndarsvæði í Vogum, sunnan Reykjanesbrautar, sem grannsvæði í stað fjarsvæðis (myndir 3 og 4). Ekki liggja fyrir áætlanir um nýtingu auðlindarinnar að svo komnu. Ekki náðist samstaða um að skilgreina svæðið sem grannsvæði. Ekki var talinn verða munur á líklegum áhrifum á vatnsauðlindina eftir því hvort um væri að ræða grannsvæði eða fjarsvæði, þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum eða atvinnustarfsemi á þessu svæði.



Mynd 3: Afmörkun vatnsverndar í Svæðisskipulagi Suðurnesja



Mynd 4: Tillögur ÍSOR (2009) um afmörkun vatnsverndarsvæða



Mynd 5: Afmörkun vatnsverndar í upphafi árs 2009

Einnig voru skoðaðir mismunandi kostir varðandi afmörkun vatnsverndarsvæðis í Lágum. Þeir sem voru skoðaðir eru (a) óbreytt mörk, (b) stækkun austur fyrir Grindavíkurveg og (c) veruleg stækkun að Fagradalsfjalli. Það er mat nefndarinnar að óbreytt mörk komi ekki til greina vegna mögulegra áhrifa frá umferð um Grindavíkurveg. Áhersla var lögð á að ræða stækkun svæðis til austurs. Var niðurstaðan að kostur (b) félli að markmiðum svæðisskipulagsins og legði fram nauðsynlegar aðgerðir sem grípa þarf til við Grindavíkurveg. Þessi stækkun myndi duga til að taka á mengunarhættu frá Grindavíkuregi og myndi stækkun grannsvæðis að Fagradalsfjalli ekki draga frekar úr þeirri mengunarhættu.

Við val á svæðum þar sem stefnt er að nýtingu jarðhita var fyrst og fremst farið eftir vinnu rammaáætlunar og tillögu að þingsályktun. Þær niðurstöður sem þar komu fram voru í samræmi við álit og mat samvinnunefndarinnar á jákvæðum og neikvæðum áhrifum staðarvalsins.

5.2.5 Niðurstaða mats

Áhersla skipulagsvinnu varðandi náttúrufar og auðlindir var lögð á að samræma ólíka hagsmuni. Bæði er tekið tillit til þarfa atvinnulífs en einnig til ímyndar og sérstöðu náttúrufars á lands- og heimsvísu og gildi þess fyrir komandi kynslóðir. Stefna svæðisskipulagsins er ekki í samræmi við náttúruverndaráætlun 2009-2013, þ.e. að svæðisskipulagið gerir ekki ráð fyrir friðlýsingu svæða skv. áætluninni. Það eru fyrst og fremst framkvæmdir vegna orkuvinnslu og –flutning sem líklegar eru til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og ásynd svæða á Suðurnesjum. Á þessu stigi er óvissa um hvort að stefnan hafi áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika, þar sem rannsóknir liggja ekki fyrir um hann.

Með stofnun jarðvangs á suðurnesjum eru samvinnuð ólík sjónarmið þ.e. þeirra sem vilja nýta náttúruauðlindir á svæðinu til atvinnuuppbyggingar og þeirra sem vilja njóta náttúrunnar í formi útivistar og náttúruskoðunar. Þessi stefna er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á auðlindir og náttúrufar og er fastur liður í því að skipuleggja landnotkun þar sem tillit er tekið til ólíkra þarfa mismunandi landnotkunar.

Gera má ráð fyrir að áhrif uppbyggingar á neysluvatn á Suðurnesjum verði óveruleg en aukin uppbygging kallar á aukna notkun en það er nægt framboð af neysluvatni til á Suðurnesjum. Skýrari afmörkun vatnsverndarsvæða er talin hafa jákvæð áhrif á framtíðarnýtingu auðlindarinnar. Lögð er áhersla á að skoða aðgerðir vegna framtíðarvatnsbóla á Suðurnesjum.

5.3 Veitur og samgöngur¹

Í Svæðisskipulagi Suðurnesja er gert ráð fyrir að flutningskerfi raforku og annarra þjónustukerfa verði samræmt með áherslu á hagkvæmni, þjónustugæði og afhendingaröryggi. Einnig að tryggja íbúum svæðisins nægt neysluvatn með öruggu aðgengi.

Lögð er áhersla á öryggi, greiðfærni og fjölbreytni í samgöngum. Til að styrkja sérstöðu svæðisins m.t.t. alþjóðlegs flugvallar, hafna og stofnbrauta er lögð áhersla á að tryggja eins góðar samgöngur og völ er á.

5.3.1 Náttúrufar og auðlindir

Umfang og vægi áhrifa vegna uppbyggingar flutnings- og samgöngukerfa er að miklu leyti háð ástandi svæðis þar sem farið er í framkvæmdir. Þegar farið er um lítt eða ósnortið land eða svæði sem njóta verndargildis geta áhrif orðið verulega neikvæð. Helst eru neikvæð áhrif lagnaleiða og samgöngumannvirkja fólgin í beinu raski á landi vegna framkvæmda en einnig í því að þau koma til með að þvera svæði sem áður hafa verið náttúrufarsleg eða landslagsheild.

Svæðisskipulagsnefndin leggur fram tillögu um að litið verði til þess að flytja raforku frá orkuvinnslusvæðinu stystu leið og fylgja Krýsuvíkuregi/Kleifarvatnsvegi að meginflutningskerfi Landsnets í Hafnarfirði. Fornleifarvernd ríkisins bendir á að við þessa leið eru friðlýstar fornleifar túngarðs

¹ Til að einfalda umfjöllun í umhverfisskýrslu hafa leiðarljós annars vegar um veitur og samgöngur verið felld saman, og hins vegar um orkuvinnslu og náttúruauðlindir.



bæjarins Kaldrana auk annarra fornleifa. Einnig eru fjöldi fornleifar við, á og kringum Sveifluháls sem nefnd er sem önnur möguleg leið.

Á Suðurnesjum þarf við leiðarval dreifikerfa að taka tillit til þessara mögulega áhrifa. Almennt er því leitast við að fara leiðir sem hafa nú þegar orðið fyrir raski vegna vegagerðar eða dreifikerfa. Umhverfismatið hefur því leitt til þeirrar megin stefnu svæðisskipulagsins að megin veitukerfin skuli liggja innan sama beltis, þ.e.a.s. að forðast skuli eins og kostur er að leggja nýtt og óraskað land undir þessi mannvirki.

Neikvæð áhrif á landslag verða helst þar sem ný orkuvinnslusvæði, s.s. í Stóra Sandvík, við Eldvörp og við Trölladyngju/Sandfell/Sveifluháls þurfa tengingu við núverandi dreifikerfi. Almennt er svo litið á að á þessum svæðum verði minna beint landrask af loftlínum en vegna jarðstrengja, en það fer þó eftir landgerð.

Sporbraut milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins er líkleg til að draga úr akandi umferð á milli þessara staða. Uppbyggingin mun hafa rask í för með sér, vegna þess lands sem fer undir sporbraut. Það dregur hins vegar úr vægi áhrifanna með því að fylgja núverandi mannvirkjabelti Reykjanesbrautar.

5.3.2 Samfélag

Líklegt er að aukin hlutdeild almenningsgangna og hjólandi og gangandi vegfarenda hafi jákvæð áhrif á samfélag og heilsu, þ.e. dregur úr hávaða, loftmengun og losun gróðurhúsalofttegunda frá umferð í samburði við óbreytt ástand. Almennt er þéttleiki og blöndun byggða með stuttum vegalengdum til og frá vinnu, þjónustu og verslun talin vera mikilvæg forsenda fyrir aukinni notkun almenningsgangna og að íbúa hjóli og ganga í auknu mæli. Í umhverfismatinu var því bent á að skilgreining stóra atvinnusvæða til uppbyggingar í jaðri byggða er líklegri til að kalla á aukna einkabílaumferð. Til að draga úr einkabílaumferð hafa sveitarfélögin með góðum árangri boðið uppá ókeypis almenningsgöngur og er það stefna svæðisskipulagsins að bæta almenningsgöngur enn frekar.

Almenningsgöngur sem þjóna nýjum og sameiginlegum atvinnusvæðum og áhersla í skipulaginu um að tryggja greiðar tengingar einnig fyrir hjólandi og gangandi eru leiðir til að draga úr aukningu einkabílaumferðar. Svæðisskipulagsnefnd telur að aukin umsvif og uppbygging á atvinnusvæðum munu styrkja frekar almenningsgöngur.

Ekki er gert ráð fyrir að staðbundin loftgæði muni verða fyrir verulegum áhrifum vegna umferðar þar sem vindasamt veðurfar svæðisins mun draga verulega úr líkum á staðbundinni loftmengun með aukinni umferð. Þó ríkir óvissa um mögulega þróun í þessum efnunum.

5.3.3 Eftirfylgni

Til að draga úr líklegum neikvæðum áhrifum flutningskerfa á náttúru, landslag og ásýnd er mikilvægt að sameina og samnýta flutningaleiðir mismunandi kerfa og fara stystu leið með kerfin, svo lengi sem sú leið skerði ekki mikilvægar náttúruminjar.

5.3.4 Valkostir til samanburðar

Við svæðisskipulagsvinnuna snérist umræðan að mestu leyti um flutningsleiðir raforku frá orkuvinnslusvæðinu við Trölladyngju/Sandfell/Sveifluháls. Nokkrir kostir voru skoðaðir. Einn var að fara stystu leið frá orkuvinnslusvæðinu um núverandi mannvirkjabelti við Krýsuvíkurveg/Kleifarvatnsveg að meginflutningskerfi Landsnets í Hafnarfirði. Sú leið gefur möguleika á að liggja utan náttúruverndar- og vatnsverndarsvæða. Annar kostur var að fara stystu leið að Suðurnesjalínum, yfir tiltölulega óraskað svæði í landi Voga. Þriðji kosturinn var að fylgja Suðurstrandarvegi og Grindavíkurvegi að Svartsengi. Sú leið mun liggja um viðkvæmt svæði með líklega neikvæðum áhrifum á gildi svæðisins með tilliti til náttúru- og jarðfræði og ferðamennsku.

Sú ákvörðun að stefna að ákveðnum lagnabeltum er talin hafa minni neikvæð umhverfisáhrif í för með sér en að ólík veitukerfi fari um óbrotið land. Með þessari ákvörðun er verið að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem felast í mannvirkjagerð, og í umhverfismatinu er það talið veigameiri þáttur en viðbótarkostnaður sem kann að hljóttast af því að fara ekki stystu leið með flutningskerfin.

Svæðisskipulagsnefndin leggur fram tillögu um að litið verði til þess að flytja raforku frá orkuvinnslusvæðinu stystu leið og fylgja Krýsuvíkurvegi/Kleifarvatnsvegi að meginflutningskerfi Landsnets í Hafnarfirði. Helstu rök þessarar niðurstöðu eru að fylgt er núverandi mannvirkjabelti og því dregið úr umhverfisáhrifum og leiðin er styttri en leið meðfram Suðurstrandarvegi og því hagkvæmari. Þá gefur sú leið jafnframt möguleika á að liggja að öllu leyti utan náttúruverndar- og vatnsverndarsvæða, en þá mun hún hins vegar ekki fylgja núverandi mannvirkjabelti alla leið að tengivirki. Þrátt fyrir þessa stefnu samvinnunefndarinnar þarf að huga að mörgum þáttum áður en ákvörðun verður tekin um lagnaleiðir frá Trölladyngju, Sandfelli og Sveifluhálsi og útfærslu þeirra.

Lega lagnaleiðar frá Sveifluhálsi/Krýsuvík er hugmynd sem samvinnunefndin hefur lagt fram. Þessi hugmynd felur ekki í sér staðbundna ákvörðun um legu háspennulína. Ítarlegri upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en ákvörðun um legu verður tekin, s.s. um stærð, staðsetningu og forgangsröðun virkjana.

5.3.5 Niðurstaða mats

Stefna um þjónustukerfi og samgöngur er líkleg til að hafa í för með sér jákvæð áhrif á samfélag með eflingu fjölþættra samgöngumáta. Til að draga úr mögulegri aukningu einkabílaumferðar vegna uppbyggingu atvinnusvæða í jaðri byggða verður áfram unnið að því að efla almenningssamgöngur og tryggja greiðfæra tenginga milli nýrra atvinnusvæða og íbúðasvæða fyrir hjólandi og gangandi.

Uppbygging flutningsleiða raforku getur haft neikvæð áhrif á náttúru, landslag, ásýnd og gildi þessara svæða til ferðamennsku og útivistar. Á þetta sérstaklega við þar sem nýtt og lítt raskað land er brotið undir slíka landnotkun. Með því að nýta núverandi mannvirkjabelti undir flutningsleiðir raforku má draga verulega úr þessum áhrifum. Neikvæð áhrif á landslag verða helst þar sem ný orkuvinnslusvæði, s.s. í Stóru Sandvík, við Eldvörp og við Trölladyngju/Sandfell/Sveifluháls þurfa tengingu við núverandi dreifikerfi. Ekki liggur fyrir stefna um legu flutningsleiða raforku frá Trölladyngju/Sandfell/Sveifluháls og felur það í sér óvissu um möguleg umhverfisáhrif og þá fyrst og fremst á ásýnd og landslag.

Mikilvægt er að nýta vinnu við stofnun jarðvangs á Suðurnesjum til að tilgreina sjónarmið sem mikilvægt er að horfa til við ákvörðun um lagnaleið.

5.4 Flugvallarsvæðið

Svæðisskipulag Suðurnesja stefnir að því að Keflavíkurflugvöllur og öryggis- og varnarsvæði verði áfram ein af grunnstoðum atvinnulífs á Suðurnesjum. Einnig að honum verði tryggt nægt rými til þróunar í framtíðinni og að tekið verði mið af þeim takmörkunum, sem tilheyra alþjóðlegum flugvelli, og þær verði samræmdar með hagsmuni flugvallarins og Suðurnesja í heild að leiðarljósi. Sama á við um takmarkanir sem snúa að öryggis- og varnarsvæðum. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum flugbrautum og áhersla er lögð á öflugar samgöngutengingar milli flugvallasvæðisins, sveitarfélaga á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðisins.

Helst voru til umfjöllunar í matsvinnunni möguleg áhrif varðandi Keflavíkurflugvöll er snéri að auknum umsvifum flugvallarins.

5.4.1 Náttúrufar og auðlindir

Með kröfum um landrými fyrir framtíðar flugbrautir má gera ráð fyrir landraski þegar að uppbyggingu flugbrauta kemur. Ekki er um að ræða vernduð svæði eða friðlýstar fornminjar á flugvallarsvæðinu. Nýjar flugbrautir, mótun flugöryggissvæða og hindrunarsvæða takmarkar landnotkun í nágrenni flugvallarins.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifar eru friðaðar skv. ákvæðum Þjóðminjalaga og óheimilt að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis Fornleifaverndar ríkisins.

Verði þróunin sú að innanlandsflug fari um Keflavíkurflugvöll má gera ráð fyrir aukningu akandi umferðar á milli flugvallarins og höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmd þessarar stefnu kallar því á aukna orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda vegna aukinnar umferðar. Bygging sporbrautakerfis og góðar almenningssamgöngur geta dregið úr eða komið í veg fyrir aukningu bílaumferðar vegna þessa.

5.4.2 Samfélag

Uppbygging í tengslum við alþjóðlegan flugvöll er fyrst og fremst líkleg til að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif með auknum atvinnutækifærum. Nýjar flugbrautir kunna að hafa neikvæð áhrif á hljóðvist byggðarinnar í grennd við flugvöllinn en hljóðlína flugvallarins hefur nýverið verið endurskilgreind miðað við nýjustu kröfur og tekið er mið af þeim við skilgreiningu landnotkunar við flugvöllinn í Svæðisskipulaginu.

Aukin umsvif flugvallarins kalla á aukna umferð til og frá svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir að staðbundin loftgæði muni verða fyrir verulegum áhrifum þar sem vindasamt veðurfar svæðisins mun draga verulega úr líkum á loftmengun með aukinni umferð.

5.4.3 Eftirfylgni

Lagt er til að samhliða aukinni flugumferð og umferð til og frá flugvallarsvæðinu, verði fylgst með loftmengun og hljóðvist. Byggt á slíkum athugunum verði tekin ákvörðun hvort ráðast þurfi í sérstakar mótvægisáðgerðir.

5.4.4 Valkostir til samanburðar

Engir valkostir voru til umræðu í tengslum við flugvallarsvæðið. Hins vegar snérist umræðan um takmarkanir sem gilda umhverfis flugbrautir og hvaða áhrif fjölgun flugbrauta hafa á aðra landnotkun. Í umræðunni kom fram að mikilvægt sé að hafa í huga hagsmuni starfsemi sem er aðliggjandi flugvallarsvæðinu.

5.4.5 Niðurstaða mats

Stefna svæðisskipulags um flugvallarsvæðið er líkleg til að hafa í för með sér jákvæð áhrif á samfélag með auknum atvinnutækifærum. Í umhverfismatinu var bent á að það kunna að verða neikvæð áhrif á lýðheilsu (hljóðvist og loftgæði) með auknum umsvifum flugvallarins. Óvissa ríkir um umfang þessara áhrifa.

Mótvægisáðgerðir eru líklegar til að draga úr umfangi neikvæðra áhrifa. Fylgjast þarf með þróun flugumferðar og umferðar til og frá svæðinu, til að meta hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerð sem snúa að áhrifum á hljóðvist og loftgæði.

5.5 Samfélag

Megin atvinnugreinarnar á Suðurnesjum tengjast samgöngum og flutningum, fiskvinnslu, verslun og þjónustu, orkuvinnslu og veitum. Eftir hrun íslenska efnahagskerfisins í október 2008 hefur staða á vinnumarkaði verið slæm á Suðurnesjum.

Stefna Svæðisskipulags Suðurnesja miðar að því að hafa áhrif á þessa þróun en þar er lögð áhersla á að sköpuð verði skilyrði fyrir aukin lífsgæði og auðugt mannlíf á Suðurnesjum og að nýta þau sóknarfæri sem felast í nánd við alþjóðalegan flugvöll, haf og jarðhita og styrkja þannig stoðir margvíslegra atvinnutækifæra, búsetu-, menntunar- og menningarframboðs. Þá verði aukin samtenging atvinnuvega, menningarstarfsemi og ferðaþjónustu. Einnig er gert ráð fyrir að margbreytilegum útivistarmöguleikum verði gert hátt undir höfði með góðu aðgengi og fjölbreyttu framboði og þannig stuðlað að heilbrigðum lífsháttum og þekkingu á nánasta umhverfi.



5.5.1 Helstu áhrif

Á heildina litið mun stefnumótun Svæðisskipulags Suðurnesja hafa jákvæð áhrif á samfélag. Gert er ráð fyrir töluverðum vexti á svæðinu á skipulagstímabilinu og eykur það líkur á samfélagslegum breytingum m.t.t. atvinnutækifæra og menntunar- og menningarlegs bakgrunns íbúa. Hafa verður í huga að miklar og hraðar samfélagslegar breytingar geta stuðlað að tímabundnu auknu álagi á stofnanir og þjónustu s.s. menntastofnanir (leik-, grunn- og framhalskóla) og heilbrigðis- og félagslega þjónustu.

Í svæðisskipulaginu kemur fram að sveitarfélögin á Suðurnesjum ætli að setja sér sameiginlega menntastefnu sem eigi að taka mið af umhverfi, atvinnulífi, auðlindum og sérstöðu svæðisins. Með þessu móti aukast líkur á að markmið um að efla menntun og bæta menntunarstig íbúa á svæðinu náist á áætlunartímabilinu. Til að mynda er stefnt að því efla skólafarsemi á efri stigum og er slíkt líklegt til auka menntunarstig á svæðinu sem og stuðla að því að þeir sem nú þegar búa á svæðinu kjósi frekar að sækja sér menntun á Suðurnesjum en utan þeirra með jákvæðum áhrifum á samfélag. Einnig kann aðgangur að skóla á efri stigum að opna fyrir möguleika þeirra sem hafa sett fyrir sig að hefja nám á efri stigum vegna t.d. fjölskyldu- og/eða fjárhagsaðstæðna með minni fyrirhöfn og tilkostnaði en ef sú þjónusta væri ekki til staðar á svæðinu. Með þessu móti er stuðlað að verulega jákvæðum áhrifum á samfélag.

Stefna svæðisskipulagsins er líkleg til að stuðla að auknum atvinnutækifærum á Suðurnesjum og auka samkeppnishæfni Suðurnesja m.t.t. búsetu. Slíkt er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á svæðið sem fýsilegan búsetukost og um leið á samfélag.

Öflug sameiginleg þjónusta sveitarfélaganna er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag m.t.t. aðgengis að þjónustu í stað þess að íbúar svæðisins þurfi að sækja þjónustu á höfuðborgarsvæðið.

Í Svæðisskipulagi Suðurnesja kemur fram að stefnt er að því að efla og styrkja núverandi skógræktarsvæði sem lið í að skapa fjölbreytt útivistarsvæði á Suðurnesjum með jákvæðum áhrifum á gildi þeirra og stuðla að aukinni notkun þeirra með jákvæðum áhrifum á andlega og líkamlega heilsu. Einnig mun bætt aðgengi að svæðum til útivistar og uppbygging á góðri aðstöðu fyrir mismunandi hópa hafa líkleg jákvæð áhrif á hreyfingu og þar með talið á lýðheilsu. Stefnt er að einu sameiginlegu akstursípróttasvæði og er það líklegt til að hafa jákvæð áhrif á náttúrufar sem og stuðla að bættri ímynd svæðisins þegar horft er til aðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum akstursíprótta á viðkvæma náttúru.

Í svæðisskipulaginu kemur fram að strandlengjan á Suðurnesjum er mikilvæg fyrir íbúa svæðisins út frá náttúru-, umhverfis-, sögu og útivistarsjónarmiðum. Lögð er áhersla á að ósnortin náttúra strandlengjunnar sé viðhaldið með því að gæta sérstakrar varúðar við skipulag og framkvæmdir á og nærri henni. Stefna svæðisskipulagsins varðandi strandlengjuna er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á náttúrufar sem og styrkja ímynd svæðisins út frá náttúru og umhverfissjónarmiðum.

5.5.2 Valkostir til samanburðar

Engir sérstakir valkostir voru til umfjöllunar varðandi málaflokkinn samfélag.

6. TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Áætlun	Samræmi	Athugasemd
Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020	Já	Hugað er að öllum grundvallarþáttum stefnumörkunar um sjálfbæra þróun, sem snúa að fjölbreytileika vistgerða, sjó og strandlengju, náttúruvá, meðhöndlun úrgangs og útivistargildi svæða. Í ákvörðunum um útfærslu stefnumiða þarf að hafa hliðsjón af varúðarsjónarmiðum.
Náttúruminjaskrá 7. útgáfa	Frávik	Gert er ráð fyrir möguleikum um orkuvinnslu, flutningskerfum raforku og sameiginlegu atvinnusvæði (D) á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá.
Náttúruverndaráætlun 2009-2013	Frávik	Ekki verður unnið að óbreyttu að friðlýsingu svæða skv. tillögu þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013
Þingsályktun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma	Já	Virkjunarkostir eru taldir í nýtingarflokk.
Þingsályktun um ferðamálaáætlun 2011-2020	Já	Áhersla á stofnun jarðvangs á Suðurnesjum fellur að ferðamálaáætlun, sem tekur m.a. á innviðum og markaðsmálum.
Aðalskipulag Gerðahrepps 1998-2018	Já*	Almennt þarf að huga að breytingum á aðalskipulagi við framfylgd stefnu Svæðisskipulagsins, s.s. um atvinnusvæði og vatnsvernd.
Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2008-2024	Já*	Almennt þarf að huga að breytingum á aðalskipulagi við framfylgd stefnu Svæðisskipulagsins, s.s. orkuvinnslu, vatnsvernd og sameiginleg atvinnusvæði.
Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025	Já*	Almennt þarf að huga að breytingum á aðalskipulagi við framfylgd stefnu svæðisskipulagsins, s.s. um atvinnusvæði A og B, veitur og samgöngur.
Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024	Já*	Almennt þarf að huga að breytingum á aðalskipulagi við framfylgd stefnu Svæðisskipulagsins, s.s. um atvinnusvæði A og flutningskerfi raforku.
Aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020	Já*	Almennt þarf að huga að útfærslu á aðalskipulagi við framfylgd stefnu svæðisskipulagsins, s.s. um vatnsvernd, orkuvinnslu og flutningskerfi raforku.
Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028.	Já*	Almennt þarf að huga að breytingum á aðalskipulagi við framfylgd stefnu Svæðisskipulagsins, s.s. um atvinnu, auðlindir, veitur og samgöngur og samfélag.
Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025	--	Gert er ráð fyrir orkurannsóknum við Krýsuvík í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um orkuvinnslu eða legu háspennulína.

Áætlun	Samræmi	Athugasemd
Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012	Já	
Aðalskipulag Ölfus 2002-2014	Já	
Aðalskipulag Garðabæjar	Já	
Samgönguáætlun 2003-2014 og tillaga að samgönguáætlun 2011-2022	Já	
Landgræðsluáætlun 2003-2014	Já	
Kerfisáætlun Landsnets 2011-2015	Já	Ekki hefur verið mótuð áætlun hjá Landsneti um flutning raforku frá framtíðar virkjunarsvæðum við Trölladyngju/Sandfelli/Sveifluhálsi.

* Stefnumörkun í aðalskipulagsáætlun er í samræmi við stefnu Svæðisskipulags Suðurnesja. Hins vegar þarf að breyta aðalskipulagsáætlun vegna vatnsverndar. Einnig þarf að útfæra stefnu svæðisskipulagsins í aðalskipulagsáætlunum, sem kann að fela í sér breytingar.

7. SAMRÁÐ OG KYNNINGAR

Með kynningum fyrir íbúa, hagsmunaaðila og umsagnaraðila á drögum að svæðisskipulagi Suðurnesja og umhverfismati var kallað eftir athugasemdum um áherslur skipulagsvinnu og matsvinnu, valkosti og vægi umhverfisáhrifa.

Haldnir voru fundir með Suðurlindum og Hafnarfjarðarbæ m.a. vegna stefnumiða um orkunýtingu og flutningsleiðir raforku.

Drög að umhverfisskýrslu voru kynnt, ásamt greinargerð svæðisskipulagsins, í 6 vikur. Voru gögnin aðgengileg á heimasíðum aðila samvinnunefndarinnar og þau einnig send til allra umsagnaraðila. Farið var yfir allar ábendingar og tekin afstaða til þeirra og var umhverfisskýrslu breytt í kjölfarið s.s. varðandi vatnsverndarsvæði og flutningskerfi raforku.

Yfirlit aðila sem fengu bréf frá samvinnunefnd vegna draga að skipulagsögnum og tillögu

Umsagnaraðili	Umsögn við drög	Umsögn við tillögu
Skipulagsstofnun	Óformlegar athugasemdir	Já
Umhverfisstofnun	Já	Já
Landvernd	Já	
Vegagerðin	Já	Já
Veðurstofa Íslands	Já	Já
Siglingastofnun	Já	
Sjávar- og landbúnaðarráðuneytið		
Flugmálastjórn Íslands		Já
Fornleifavernd ríkisins		Já
Innanríkisráðuneytið	Já	
Utanríkisráðuneytið		
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	Já	Óformlegar ábendingar
Orkustofnun		
Hafnarfjarðarbær	Já	
Sveitarfélagið Ölfus		
Garðabær	Já	
Ferðamálastofa		
Kadeco		
HS Orka	Já	
Suðurlindir		
Stjórn Reykjanesfólkvangs		
Landsnet	Já	Já

Í skjali samvinnunefndarinnar frá febrúar 2012, er yfirlit um þær umsagnir og athugasemdir sem bárust við skipulagsgögn, þ.m.t. umhverfisskýrslu, og viðbrögð samvinnunefndar við þeim.

Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 og umhverfisskýrsla verður kynnt umsagnar aðilum og almenningi og auglýst með lögformlegum hætti. Umsagnaraðilum og almenningi gefast sex vikur til að kynna sér svæðisskipulagið og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum áður en svæðisskipulagið er afgreitt og staðfest. Sérstaklega verður leitað eftir álit Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins á umhverfisskýrslunni.

8. Samlegðaráhrif og heildarniðurstaða matsvinnu

Líkleg áhrif Svæðisskipulags Suðurnesja eru á heildina litið jákvæð á samfélag en gert er ráð fyrir aukinni uppbyggingu í tengslum við alþjóðaflugvöll og orkuauðlindir og að stuðla að því að gera svæðið að eftirsóknarverðum búsetu- og atvinnukosti. Einnig er líklegt að sameiginleg menntastefna muni stuðla að bættu menntunarstigi íbúa á svæðinu og styrkja atvinnulíf til lengri tíma litið.

Gert ráð fyrir að viðhalda ósnortinni náttúru strandlengjunnar sem og efla og styrkja útivistarsvæði á Suðurnesjum og bæta aðgengi þeirra og aðstöðu. Þessir þættir eru líklegir til að yta undir bættu lýðheilsu sem og styrkja ímynd svæðisins út frá náttúru og umhverfissjónarmiðum. Með stofnun jarðvangs á Suðurnesjum er horft til náttúruverndar samhliða nýtingu jarðhita og annarra auðlinda á Suðurnesjum. Með því móti er hugað að hagsmunum ólíkra aðila.

Sjálfbær nýting jarðhitageymisins hefur líklega jákvæð áhrif á samfélag þar sem horft er til þess að komandi kynslóðir munu einnig njóta góðs af auðlindinni. Rask á yfirborði vegna jarðhitanytingar getur haft í för með sér neikvæð áhrif á gildi svæðis fyrir íbúa og ferðamenn og möguleika komandi kynslóða að njóta náttúru jarðhitasvæða. Í því ljósi er mikilvægt að huga að mótvægisáðgerðum til að draga úr þeim áhrifum. Þó ber að geta þess að jarðhitanyting og línulagnir geta auðveldað aðgengi að ýmsum svæðum og orkuvinnsla hefur einnig ákveðið gildi fyrir ferðamennsku.

Stefnan um að vinna sameiginlega að því að samþætta nýtingu og verndarsjónarmið og nýta til þess að aðferða- og hugmyndafræði jarðvanga er leið til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif uppbyggingar á Suðurnesjum.

Meðal þess sem talið er ógna sérstöðu Reykjanesfólkvangs er aukin jarðhitanyting og rannsóknir þeim tengdum og hve svæðið er fjölsótt. Mikilvægt er að gæta að þolmörkum fjölsóttra ferðamannastaða á Suðurnesjum en svæðið er undir miklu álagi sem mikilvægt að bregðast markvisst við. Gera má ráð fyrir samlegðaráhrifum sem geta orðið neikvæð þegar starfsemi á sviði jarðvarmanýtingar og ferðamennsku á jarðhitasvæðum hefur náð fullu umfangi.

Stefna Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024 miðar að því að styrkja samfélagið á Suðurnesjum og leitast er við að samrýma hagsmunum náttúruverndar og jarðhitanytingar til hagsbóta fyrir svæðið í heild. Umhverfismat Svæðisskipulags Suðurnesja er liður í að skipulagsvinnan stuðli að sjálfbærri þróun í samræmi við markmið 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Heimildarskrá

Alþingi, 2010. Þingsályktun um Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Alþingi, 2011. Þingsályktun um ferðamálaáætlun 2011-2020

Efla, 2009. Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningskerfis á suðvesturlandi. Matsskýrsla.

Gerðahreppur, 1999. Aðalskipulag Gerðahrepps/Garðs 1998-2018.

Grindavík, 2002. Aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020.

Grindavík, 2011. Tillaga að Aðalskipulagi Grindavíkur 2012-2030.

Hafnarfjarðarkaupstaður, 2007. Aðalskipulag Hafnarfjarðar og Krísvíkur 2005-2025.

Innanríkisráðuneytið, 2011. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022.

ISOR, 2009. Vatnsverndarsvæði á Suðurnesjum. Greinargerð ÍSOR-09026.

Keflavíkurflugvöllur, 2006. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025.

Kópavogsbær, 2002. Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2002. Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002.

Náttúruverndarráð. 1996. Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík, 7. útgáfa

Orkustofnun, 2011. Eðli jarðhitans og sjálfbær nýting hans. Álitsgerð fagshóps um sjálfbæra nýtingu jarðhita. Skýrsla nr. OS-2010/05. Apríl.

Rammaáætlun, 2010. Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafla og jarðhitasvæði – 2. Áfangi. Niðurstöður faghópa. Kynningar- og umsagnarferli verkefnisstjórnar. Mars.

Reykjanesbær, 2010. Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2008-2024.

Samgönguráðuneytið. 2005. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007 -2018. Drög.

Sandgerðisbær, 1999. Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024.

Skipulagsstofnun, 2003. Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags-ferli og aðferðir.

Skipulagsstofnun, 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Skipulagsstofnun, 2006. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana – drög

Umhverfisstofnun, 2003. Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.

Umhverfisstofnun, 2003. Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.

Umhverfisstofnun, 2010. Ástand friðlýstra svæða – Yfirlit til umhverfissráðuneytisins. Umhverfisstofnun.

Umhverfissráðuneytið, 2007. Velferð til framtíðar – Sjálfbær Þróun í Íslensku Samfélagi – Áherslur 2006-2009.

Vogar, 2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028.

Ölfus, 2005. Aðalskipulag Ölfus 2002-2014.

Lög og reglugerðir

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000



Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 (fallin úr gildi).

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulags- og byggingarreglugerð nr. 400/1998

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Reglugerð um hávaða nr. 933/1999.

Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999